

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing að breytingu á deiliskipulagi vegna Breiðholt I - Arnarbakki 2-6, birtist í Morgunblaðinu í gær, fimmtudaginn 6. júní. Tillagan er í kynningu frá 6. júní 2024 til og með 19. júlí 2024. Gögn er hægt að skoða á síðunni, skipulagsgátt.is. Sjá eftirfarandi slóð: [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is)

### Breiðholt I - breyting á deiliskipulagi - Arnarbakki 2-6, 8 og 10

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 8. Maí 2024 og borgarráðs Reykjavíkur þann 23. maí 2024 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Breiðholt I vegna lóðanna nr. 2-6, 8 og 10 við Arnarbakka. Í breytingunni sem lögð er til felst að heimilt verði að koma fyrir leikskóla á jarðhæð húss á lóð nr. 4, stækka lóð og auka byggingarmagn vegna leikskólans. Færa íbúðarlóð nr. 6 innan svæðisins og breyta henni í lóð nr. 10. Lóð nr. 6 verður leikskólalóð og heimilt verður að reisa á henni útileikstofu. Stúdentabúðum í húsum nr. 2 og 4 og íbúðum í húsi nr. 10 (áður nr. 6) verður fjölgað og þakformum húsa nr. 2, 4 og 10 verður breytt. Sameiginleg lóð verður gerð fyrir bílastæði og djúpgáma á svæðinu ásamt því að byggingarreitur verður gerður fyrir hjóla- og sorpgeymslur. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar má nálgast á vefnum, [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is). Einnig má nálgast tillögurnar hjá þjónustufulltrúa í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30–16:00 og föstudaga kl. 8:30–14:30 frá 6. júní 2024 til og með 19. júlí 2024. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar.

**Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila í gegnum skipulagsgáttina eigi síðar en 19. júlí 2024.** Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um tillögurnar er hægt að senda tölvupóst á [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is).



### Með kveðju, Þuríður María Guðmundsdóttir

skrifstofufulltrúi

Sími: +354 411 1111

Skrifstofa skipulagsfulltrúa

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12-14

105 Reykjavík

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: [www.reykjavik.is/trunadur](http://www.reykjavik.is/trunadur)